

30. nóvember 1999

2563

Nr. 831

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. nóvember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

22. nóvember 1999

Nr. 832

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 43.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 22.000 krónur að lágmarki og 220.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.300.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursfþróttir og aksturskeppni, nr. 386 18. maí 1999, gildir fyrir árið 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 1999.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

26. nóvember 1999

Nr. 833

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins
nr. 122/1992 með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú lætur stjórnarmaður af störfum á skipunartíma og skal ráðherra þá þegar skipa annan mann í hans stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 68. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.